

Í pistlum Úr penna stjórnarmanna Lí birta þeir eigin skoðanir en ekki félagsins.

Tíunda heilbrigðisstofnunin: sérfræðilæknisþjónustan

Sá hópur lækna sem starfar sem sérfræðilæknar á stofu er að eldast hratt og stór hluti þeirra hættir störfum innan fárra ára. Það stefnir í alvarlegan skort í þeirra hópi.

Þetta er dugmikill hópur um 320 lækna sem sinnir mörgum sjúklingum ár hvert, eða um 260.000 á ári, sumir í fullu starfi en fleiri í hlutastarfi. Komufjöldinn er 500.000 eða hálf milljón læknisheimsóknna. Það eru jafn margar heimsóknir og á göngudeild Landspítala og til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins samanlagt á ári. Þetta er með öðrum orðum mjög mikil starfsemi. Sérgreinarnar eru 24. Kannanir sýna að þjónustan er mikil að gæðum, vinsæl og ódýr. Vinnan fer stundum fram í flókinni teymisvinnu en stundum eins og læknislistin í sinni einföldustu mynd, í samtali læknis og sjúklings þar sem greining, rannsóknir og lækning eða líkn fer fram í fyllsta trúnaði.

En hvaða þjónusta er veitt á stofu? Þar er um að ræða allt frá viðtölum og læknis-skoðun upp í stórar skurðaðgerðir í svæfingu. Sumar aðgerðir eru einungis, eða nær einungis, gerðar á stofum sérfræðilækna eins og til dæmis speglaþrú, í öxlum sem bæklunarlæknar sinna. Á stofum sérfræðilækna fara fram greiningar, rannsóknir, eftirlit, myndgreiningar, skurðaðgerðir, speglaþrú og aðrar aðgerðir og meðferðir. Margar af þeim aðgerðum og rannsóknum er ekki unnt að gera á heilsugæslustöðvum.

Sumar sérgreinar eru þess eðlis að sjúklingarnir þurfa sjaldnast innlögn á spítala og er því þjónustunni sinnt á stöðvum sérfræðilækna, dagdeildum eða göngudeildum. Dæmi um þetta eru HNE lækningar, þvagfæralækningar, augnlækningar, barnalækningar, efnaskiptalækningar, kvensjúkdómalækningar og húðlækningar.

Það er um 2/3 þjóðarinnar, eða 260.000 einstaklingar á ári, sem heimsækja stofur sérfræðilækna. Hver Íslendingur kemur að meðaltali þangað 1,8 sinnum á ári.

Aldraðir læknar

Í könnun Læknafélags Reykjavíkur sem gerð var á síðasta ári meðal allra lækna sem starfa á stofu var spurt um aldur. Svörun var góð, 270 af 320 starfandi stofulæknum tók þátt, eða 85%. Þar kom í ljós að 42% læknanna eru 61 árs eða eldri. Meðalaldur sérfræðilækna á stofu er um 60 ár.

Það þýðir að 42% þeirra eiga aðeins eftir 6 ár eða minna til að ná eftirlaunaaldri. Eftir 6 ár verður því tæpur helmingur stofulækna hættur eða við það að hætta vegna aldurs, eða 135 af 320 læknum. Nýliðunarþörfin er því 20-25 læknar á ári, sem er stór hluti þeirra sem hafa útskrifast á ári úr læknaeild HÍ. Þörfin verður enn meiri ef reiknað er með aukinni þjónustuþörf vegna öldrunar þjóðarinnar, fólksfjölgunar og vaxandi kröfu um meiri þjónustu. Þá tekur 12-16 ár að mennta sérfræðilækni að afloknu stúdentsprófi.

Hvað er til ráða?

Það er mikil þörf á að gera áætlanir um mönnun þessa stóra hluta heilbrigðiskerfisins og örva þar nýliðun. Það þarf nú þegar að auglýsa eftir nýjum sérfræðilæknum á stofu og bjóða þeim góð starfskjör og gera við þá samninga.

Þórarinn Guðnason

hjartalæknir,
formaður Læknafélags Reykjavíkur

thg@simnet.is




Ástandið þolir enga bið enda hefur Embætti landlæknis þegar staðfest mikinn skort á sérfræðilæknum í ákveðnum greinum eins og gigtlækningum og taugalækningum. Viðvarandi skortur er öllum ljós í mörgum öðrum greinum.

Að mínum dómi mun heilbrigðiskerfið ekki ráða við ástandið ef ekki verður viðsnúningur varðandi nýliðun meðal stofulækna. Sá þriðjungur stofulækna sem hættir á allra næstu árum sinnir um 230.000 komum sjúklinga á ári. Það er svipað og allar komur á göngudeild Landspítala á ári. Hver mun taka að sér að sinna öllum þessum sjúklingum?

Aðeins með því að auka starfsöryggi, umgjörð, réttindi og launakjör verður hægt að laða fleiri lækna heim til starfa í sérfræðilæknaþjónustunni sem stundum hefur verið kölluð tíunda heilbrigðisstofnun landsins. Annars er fyrirsjáanlegur enn meiri skortur á læknum og fjölgun sjúklinga á biðlistum heilbrigðiskerfisins.

Stjórnmaðlamenn og stjórnmaðlaflokkar ættu í aðdraganda kosninga að íhuga afstöðu sína til tíunda heilbrigðisstofnunarinnar og þess hámenntaða, afkastamikla og verðmæta hóps lækna sem starfar í þessum mikilvæga hluta heilbrigðiskerfisins.



Aldursskipting sérfræðilækna á stofu samkvæmt könnun Læknafélags Reykjavíkur árið 2020.



Stjórn Læknafélags Íslands
Reynir Arngrímsson formaður

FAL
Berglind Bergmann
Indriði Einar Reynisson

FÍH
Salóme Ásta Arnardóttir
Jörundur Kristinsson

FSL
María I. Gunnbjörnsdóttir
Guðrún Dóra Bjarnadóttir

LR
Þórarinn Guðnason
Alma Gunnarsdóttir